



## Málþing 26. október í Borgarbókasafni Gerðubergi Um fyrirlesarana og erindi þeirra

**Dögg Sigmarsdóttir** er verkefnastjóri borgaralegrar þátttöku á Borgarbókasafninu. Skapandi og tilraunakenndir verkferlar skipa stóran sess í verkefnastjórnun hennar, þar sem þarfir og hugmyndir þátttakenda eru í fyrirrúmi. Dögg býr yfir fjölbættri reynslu af þróun, skipulagningu og framkvæmd verkefna sem snúa að styrkingu borgaralegrar þátttöku og leiðum til að vinna gegn mismunun og útilokun.

Dögg hefur haft frumkvæði að því að því að skapa vettvang til að ræða viðkvæm samfélagsleg málefni og draga úr klisjukendri og oft á tíðum neikvæðri orðræðu í garð innflytjenda, til dæmis í formi listrænna gjörninga, kvikmyndahátíða eða opinberra umræðufunda. Verkefni eru ýmist unnin í samstarfi við frjáls félagasamtök en einnig fyrir opinberar stofnanir, nú síðast fyrir Borgarbókasafnið. Dæmi um verkefni Daggar á bókasafninu eru:

[Inclusive Public Spaces](#)

[Gerðuberg kallar](#)

[Stofan | A Public Living Room](#)


Heiti fyrirlesturs:

**Bókasafnið: Vettvangur lýðræðisþátttöku.**

### Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs

Borgarbókasafnið er opið rými allra. Það rúmar því ekki rásisma, hatursorðræðu, áreitni eða ofbeldisfulla hegðun. Hér berum við virðingu hvert fyrir öðru.

Með hlýju og fordómaleysi mætum við notendum á þeim stað sem þeir eru. Við leitumst við að greiða leiðir að upplýsingum og skapa vettvang sem tengir borgarbúa saman. Í starfi erum við meðvitund um jafnarsetningu ákveðinna hópa og leitum leiða til að jafna aðstöðumun hvað varðar aðgengi og tækifæri til þátttöku í lýðræðissamfélagi.



# PaCE

---

**Dr. Magnús Yngvi Jósefsson, Rannsóknastjóri.  
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, Reykjavíkurborg**


Magnús hefur undanfarin ár leitt sókn Reykjavíkur í rannsóknar- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins. Magnús er með doktorsgráðu í viðskiptum og stjórnun og er jafnframt rannsóknarfélagi við Centre for Policy Modelling í Manchester.

Heiti fyrirlesturs:

**Framlag evrópskra rannsóknar- og nýsköpunarverkefna til Græna Plansins**

**Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs**

Græna Plan Reykjavíkur leggur áherslu á að efla þátttöku Reykjavíkur í áætlun Evrópusambandsins um kolefnishlutleysi og græna uppbyggingu í Evrópu. Í dag tekur Reykjavíkurborg þátt í fjórum rannsóknar- og nýsköpunarverkefnum sem eru kostuð af Evrópusambandinu. Öll verkefnin styðja við áherslur Græna Plansins með einum eða öðrum hætti t.d. hvað varðar aðgerðir í loftslagsmálum, lýðræðismálum, þróun aldursvænna umhverfa og áskorunum sem varða stafrænar umbreytingar. Ný rannsóknar og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins býður upp á mörg tækifæri til frekara samstarfs Reykjavíkurborgar við alþjóðlegt þekkingarsamfélag, samstarf um vond vandamál (wicked problems) sem verða ekki leyst nema með alþjóðlegri samvinnu.



# PaCE

---

**Dr. Roxana Elena Cziker, Rannsóknastýra PaCE verkefnisins.**  
**Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, Reykjavíkurborg**


Roxana heldur utan um tvö verkefni: Horizon 2020 rannsóknar- og nýsköpunarverkefni: **PaCE - populism and Civic Engagement**, miðar að því að skilja og mæta neikvæðum birtingarmyndum popúlískra stjórnsmálhreyfinga og byggja þannig upp traustari lýðræðislegan grunn fyrir borgara Evrópu; og, **NET4Age-Friendly COST**, evrópskt verkefnasamstarf sem stefnir að því að þróa alþjóðlegt og þverfaglegt tengslanet til að byggja upp snjallt og heilbrigt umhverfi fyrir eldri borgara. Roxana er með doktorsgráðu í sálfræði fyrir fatlað fólk og með doktorsgráðu í lýðfræði heilaskaða og vitrænnar skerðingar (cognitive impairment) og með meistaragráðu í stjórnun og ráðgjöf í stofnunum án aðgreiningar.

Heiti fyrirlesturs:

**Hvernig sköpum við samfélag fyrir alla? Niðurstöður PaCE Lýðræðis-vinnustofunnar á Íslandi.**

**Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs**

Fyrirlesturinn fjallar um niðurstöður lýðræðisvinnustofu PaCE verkefnisins sem fram fór í janúar á þessu ári. Mun hann í því sambandi fjalla sérstaklega um tækifæri til nýsköpunar og framlags í stefnumótun sem tekur mið af mismunandi hópum samfélagsins. Leggur hún til betri hagnýtingu á gagnreyndum aðferðum sem byggja á fræðilegum rannsóknum, þekkingu og reynslu.



## **Dr. Geir Gunnlaugsson, fv. landlæknir og prófessor emeritus í hnattrænni heilsu við Háskóla Íslands**


Dr. Geir Gunnlaugsson er fv. landlæknir og prófessor emeritus í hnattrænni heilsu við Háskóla Íslands. Hann lauk læknanámi við HÍ og er barnalæknir með meistaragráðu í lýðheilsuvísindum og doktorsgráðu frá Karolinska stofnuninni í Stokkhólmi. Fyrir utan störf og rannsóknir í Gíneu-Bissá í Vestur-Afríku í nær fjóra áratugi þá var Geir forstöðumaður Miðstöðvar heilsuverndar barna um árabil. Rannsóknir hans og ritverk hafa m.a. beinst að brjóstagiöf, ungbarnadauða, þroska og ofbeldi gegn börnum, smitsjúkdómum, þróunarsamvinnu og heilbrigðiskerfum á Íslandi, Gíneu-Bissá og Malaví. Hann er meðlimur í rannsóknarráði Norrænu Afrikustofnuninni í Uppsölum og formaður Afrika 20:20 – félagi áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara.

Heiti fyrirlesturs:

**Á tímum Ebólu og heimsfaraldurs: Traust Íslendinga á getu heilbrigðiskerfisins til að bregðast við hnattrænum heilbrigðisógnum.**

### **Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs**

Í fyrirlestrinum verða kynntar niðurstöður tveggja spurningakannana um viðhorf Íslendinga til aðsteðjandi hnattrænna heilbrigðisógna, það er Ebólufaraldrinum í Vestur-Afríku árið 2014-2016 og COVID 2020. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands framkvæmdi báðar kannanirnar og studdist við handahófskennt úrtak úr netpanel sínum. Þegar Ebólufaraldrinum var um það bil að ljúka treystu þrír af hverjum fimm svarenda íslenskum heilbrigðisyfirvöldum vel eða mjög vel til að bregðast rétt við heilbrigðisógn eins og Ebólu. Ennfremur treysti um helmingur þeirra heilsugæslunni vel eða mjög vel til að bregðast rétt við sjúkdómsgreiningu veikinda einstaklings sem nýlega hefði verið á svæðum þar sem Ebólufaraldur geisaði. Fjórum árum seinna, þegar fyrsta bylgja COVID var nýlega yfirstaðin, voru 96% svarenda sáttir eða mjög sáttir við viðbrögð íslenskra heilbrigðisyfirvalda við heimsfaraldrinum. Svarendur voru frekar sammála eða mjög sammála aðgerðum eins og að setja alla í 14 daga sóttkví (37%), banna fólki að koma frá löndum þar sem heimsfaraldur geisar (63%) og banna Íslendingum að fara til slíkra landa (57%) eða eiga viðskipti við þau (7%). Konur voru almennt marktækt jákvæðari en karlar gagnvart ströngu eftirliti á landamærum en tekjur, búseta, menntun og stjórnmalaskoðanir svarenda höfðu einnig áhrif. Af þessum niðurstöðum má álykta að þegar á reyndi þá stóðst heilbrigðiskerfið væntingar almennings og að heilbrigðisyfirvöld hafi notið mikils trausts í aðgerðum sem þó höfðu haft margvísleg hamlandi áhrif á daglegt líf þeirra og skert frelsi einstaklinga til að athafna sig.



# PaCE

---

## Sigrún Danielsdóttir, Sálfræðingur og verkefnastjóri geðræktar hjá Embætti Landlæknis


Sigrún er sálfræðingur og starfar á Lýðheilsusviði Embætti landlæknis. Hún sinnir geðræktarþætti heilsueflandi skóla, vinnustaða og heilsueflandi samfélaga og hefur leitt stefnumótunarvinnu á sviði geðræktar í skólum og sjálfsvígisforvarna á undanförunum árum.

Heiti fyrirlesturs:

**Geðrækt og seigla á krefjandi tímum.**

### Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs

Í erindinu er fjallað um heimsfaraldur COVID-19 og áhrif hans á geðheilsu. Farið verður yfir stöðu mála hér á landi og rætt um leiðir til að efla geðrækt og seiglu fyrir einstaklinga og samfélag.



# PaCE

---

## **Dr. Eva Marín Hlynsdóttir prófessor í opinberri stjórnsýslu við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands**


Eva Marín hefur gefið út fjölda greina og bóka um málefni sveitarstjórnarstigsins. Rannsóknir hennar hafa m.a. snúið að starfsaðstæðum kjörinna fulltrúa og framkvæmdastjóra sveitarfélaga, áhrif kyns á stjórnun sveitarfélaga og verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga.

Heiti fyrirlesturs:

**Gengið á undan með góðu fordæmi: Hlutverk sveitarstjórna þegar kemur að trausti á opinbera stjórnsýslu.**

### **Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs**

Kjörnir fulltrúar starfa í mikilli nálægð við stjórnsýslu sveitarfélags og algengt er að ágreiningur rísi um verkaskiptingu á milli kjörinna fulltrúa og starfsfólks stjórnsýslunnar. Í kjölfarið getur almenningur upplifað óreiðu í verkaskiptingu á milli kjörinna fulltrúa og starfsfólks stjórnsýslunnar. Einnig geta komið upp átök á milli kjörinna fulltrúa og stjórnsýslunnar sem almenningur upplifir á neikvæðan hátt. Þetta getur dregið úr tiltrú almennings á því að ákvarðanir á sveitarstjórnarstiginu séu teknar á heiðarlegan og sanngjarnan hátt. Það er til mikils að vinna að viðhalda trausti almennings til stjórnsýslunnar og þeirra ákvarðana sem eru teknar á vettvangi hennar. Þar geta kjörnir fulltrúar haft mikil áhrif ekki síst með því að ganga á undan með góðu fordæmi sem samfélagslegir leiðtogar og stuðla að skýrri verkaskiptingu og gagnkvæmri virðingu á milli ólíkra málsaðila.



## Dr. Jón Gunnar Ólafsson

### Nýdكتور í fjölmiðlafræði við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands


Jón Gunnar Ólafsson er nýdكتور við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands. Hann lauk doktorsprófi í fjölmiðlafræði árið 2019 frá Goldsmiths, University of London. Doktorsrannsóknin hans fjallaði um miðlun stjórnmálaupplýsinga í fjölmiðlum og á samfélagsmiðlum og var styrkt af Economic and Social Research Council í Bretlandi. Jón Gunnar hefur tekið þátt í fjölda alþjóðlegra rannsóknaverkefna um fjölmiðla og stjórnmál, þar á meðal the Media for Democracy Monitor og the Worlds of Journalism Study. Rannsóknir hans hafa verið gefnar út í alþjóðlegum tímaritum eins og Journal of European Public Policy og Nordicom Review. Jón Gunnar hlaut þriggja ára rannsóknastöðustyrk úr Rannsóknasjóði (Rannís) árið 2021 þar sem hann beinir sjónum sínum meðal annars að upplýsingaóreiðu og fjölmiðlaumfjöllun um íslensk stjórnmál og COVID-19.

Heiti fyrirlesturs:

**Dreifing upplýsinga í breyttu tækniumhverfi á tímum heimsfaraldurs: Hlutverk stjórnvalda, fjölmiðla og almennings.**

### Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs

Í þessum fyrirlestri verður fjallað um upplýsingamiðlun um COVID-19 á Íslandi og niðurstöður settar í alþjóðlegt samhengi. Rætt verður um hvernig stjórnvöld hafa nálgast þetta risavaxna verkefni og hvernig almenningsur hefur fengið upplýsingar um veiruna og sjúkdóminn. Jafnframt verður farið yfir hið mikilvæga hlutverk fjölmiðla á krísutímum. Að lokum verður rætt um dreifingu á röngum og misvísandi upplýsingum um COVID-19 á samfélagsmiðlum og hvernig brugðist hefur verið við þeim.



# PaCE

---

**Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir, Sérfræðingur**  
**Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar**

Sigurlaug Anna er með BA próf í stjórnmálafræði, diplómu í opinberri stjórnsýslu og MA próf frá stjórnmálafræðideild Háskóla Íslands auk kennsluréttinda í stjórnmálafræði á framhaldsskólastigi. Áður hefur hún m.a. starfað við rannsóknir við H.Í. á lýðræði í sveitarfélögum á Íslandi ásamt Gunnari Helga Kristinssyni prófessor. Árið 2012 kom út ritið Leiðsögn um lýðræði í sveitarfélögum gefið út af Sambandi íslenskra sveitarfélaga í samstarfi við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála. Sigurlaug er einn af höfundur efnis í ritinu auk þess sem hún er einn af ritstjórum ritsins.


Heiti fyrirlesturs:

## **Af hverju þurfa sveitarfélög lýðræðisstefnu?**

### **Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs**

Af hverju þurfa sveitarfélög lýðræðisstefnu? Breyta þær einhverju? Hvernig eru lýðræðisstefnur innleiddar? Í þessu erindi verður fjallað um nýsamþykka lýðræðisstefnu Reykjavíkurborgar, sagt frá samráðsferlinu í tengslum við gerð stefnunnar og þeirri nýju framtíðarsýn sem þar birtist.





# PaCE

## Dr. Krístrún Th. Gunnarsdóttir, Sérfræðingur Rannsóknarþjónustu. Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara, Reykjavík.


Krístrún hefur starfað við rannsóknir og ráðgjöf í Bretlandi frá 2009, í evrópskum samstarfsrannsóknum sem tengjast uppbyggingu *Nýsköpunarbandalagsins* (Innovation Union). Þar má nefna greiningu á orðræðu í stefnumótun og áætlanagerð, átökum um hugmyndafræði, átökum milli þekkingarsviða og í tengslum við einstaka aðgerðaáætlanir eins og *ábyrga nýsköpun* (Responsible Research and Innovation). Hún hefur skrifað um nýsköpunarpólítík, um loford, væntingar og árangur, skilning almennings á vísindum og tækni, og þátttöku almennings og þverfræðilegt samráð um framtíðina.

Heiti fyrirlesturs:

**Að sjá útúr kófinu. Hvernig orðræða og viðbrögð við heimsfaraldri rifja upp ýmis viðfangsefni 'Science Studies' síðustu 50 árin.**

### Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs

Covid-19 heimsfaraldurinn hefur varpað ljósi á ýmislegt sem lýtur að skilningi fólks (og misskilningi) á samsetningu og gerð þess samfélags sem það lifir í og þeirrar þekkingar sem má reiða sig á og beita í ákvarðanatökum við "fordæmalausar" aðstæður. Á Íslandi kemur þetta glögglega í ljós í orðræðu meðal sérfróðra, fulltrúa hagaðila, leiðtoga og annarra sem taka þátt í umræðum og fræðslu. Fjallað er um fjölskyldur, heimili, vísindi, aldraða, bóluafni, íslendinga, sjúkrahús, tækni og tölfraði, ferðamenn, stjórnmalamenn, sérfræðinga, smitleiðir og önnur efni sem vísað er í af augljósum ástæðum. *Að sjá útúr kófinu*, fjallar um úrtak slíkra umræðuefna sem í fyrirlesturinum verða skoðuð út frá þeim menningar- og samfélagslegu ímyndum sem þau lýsa. Mun fyrirlesturinn draga fram nokkur helstu viðfangsefni síðustu hálfra aldar í fjölfræðigreininni 'Science Studies' þar sem draga má áhugaverðar hliðstæður við orðræðu tengda faraldrinum, viðbrögðum og viðspyrnu. Tilgangurinn er að beina sjónum að langlífum godsögnum um samfélagsgerð og um aðgreinanleika náttúru, vísinda og tækni frá menningar- og félagsverund og kröfum um pólitískan rekjanleika og ábyrgð. Þá verða tekin dæmi af pólitík í ímyndasmíð um samfélag, þekkingu og nýsköpun í mótun framtíðarinnar.



## Dr. Jón Ólafsson, prófessor við Hugvísindasvið Háskóla Íslands

Rannsóknir Jóns eru á sviði stjórn málaheimspeki og menningarfræði. Hann hefur skrifað um þátttökulýðræði og lýðræðiskenningar og fjallað um spurningar sem varða pólitíska þekkingarfræði. Hann leiðir nú verkefni um lýðræðislega stjórnarskrárgerð sem nýtur styrks frá Rannís, en innan þess er fjallað um hvernig almenningur getur átt beinan þátt að grundvallastefnumótun samfélagsins.

Heiti fyrirlesturs:


**Skipulegar rökræður og skoðanamyndun.**

**Organized deliberation and opinion formation.**

### Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs

Á síðustu árum hefur mikið verið fjallað um leiðir til að tengja skoðanamyndun almennings við rökræður og þá er stundum gert ráð fyrir að með því að taka þátt í rökræðum gefist einstaklingum kostur á því að móta skoðanir sínar af meiri þekkingu og yfirsýn en venjuleg samfélagsleg þátttaka stuðlar að. Þetta hefur til dæmis orðið til þess að tilraunir hafa verið gerðar með rökræður í smærri hópum, s.s. rökræðukannanir og því iðulega haldið fram að breytingar sem verða á skoðunum þeirra sem taka þátt í slíku séu þá studdar rökum. Í fyrirlestrinum fjalla ég gagnrýnið um slíkar niðurstöður og velti því fyrir mér hvaða ályktanir mögulegt sé að draga um ástæður þess að skoðanir fólks breytast við þátttöku í rökræðum.

The relation between opinion formation and deliberation has been hotly debated for the last few years. It is often argued that deliberation will have an effect on opinions towards more enlightened and better argued views. Consequently, participation in deliberative exercises such as Deliberative Polls is seen as an experience where conversations with other people and reflection on the issues is what leads to opinion change. In the talk I will discuss such conclusions critically and reflect on what can be said about reasons for opinion change after participation in deliberation.



# PaCE

---

**Dóra Björt Guðjónsdóttir**


**Borgarfulltrúi, formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkur**

Heiti fyrirlesturs:

**Kjörnir fulltrúar vita ekki allt best.**

**Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs**

Dóra Björt Guðjónsdóttir, formaður mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráðs Reykjavíkur, mun fjalla um hvers vegna samráð og lýðræðislegir ferlar skipta máli við rekstur sveitarfélaga og svo fara yfir sambandið milli straumlínu- og gæðastjórnunar og lýðræðis. Hvers vegna skiptir gagnsæi og fagleg stjórnsýsla eiginlega máli? Hvað hefur þetta með spillingu og sérhagsmunagæslu að gera? Dóra Björt mun fara yfir hvernig jafnrétti, jafnræði, réttarríki og mannréttindi eru órjúfanlegir hlutar af sömu heildinni og grunnstoðir lýðræðisins og síðast en ekki síst hvers vegna þú ættir að láta þig þetta varða.



## Dr. Eiríkur Bergmann, prófessor í Stjórnmálafræði við Háskólann á Bifröst


Eiríkur hefur um langa hríð rannsakað þjóðernishyggju, popúlisma, samsæriskenningar og upplýsingaóreiðu. Bækur hans um þessi efni hafa komið út hjá alþjóðlega fræðaforlaginu Palgrave Macmillan, sem meðal annars gaf út bók hans *Neo-Nationalism* árið 2020. Í haust kemur út hjá Forlaginu bók Eiríks tengd efni sem kallast *Þjóðarávarpið – popúlísk þjóðernishyggja í hálfu öld*.

Heiti fyrirlesturs:

**Nýþjóðernishyggja í hálfu öld.**

### Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs

Í þessum fyrirlestri rekur Eiríkur Bergmann þróun popúlískrar þjóðernishyggju – nýþjóðernishyggju samtímans – síðastliðna hálfu öld. Fylkingar þjóðernispopúlista hafa yfirleitt sótt í sig veðrið í kjölfar þjóðfélagslegra áfalla eða mikilla samfélagsbreytinga. Sú fyrsta reis eftir olíukrísuna árið 1972, næsta varð við fall kommúnismans árið 1989, ný skil urðu við árásina á Tvíburaturnana árið 2001. Þjóðernispopúlismi reis svo í nýjar hæðir við fjármálakrísuna 2008 og flóttamannakrísuna 2015. Í kjölfar Kórónaveirukrísunnar 2020 færðist þjóðernispolitík popúlista lengra inn í meginstrauminn og margir hefðbundnir stjórnmálaflokkar hafa tekið upp stefnu þeirra.



# PaCE

---

## **Dr. Maximilian Conrad, prófessor í stjórnmálafræði og deildaforseti Stjórnmálafræðideild við Háskóla Íslands**


Maximilian is Professor of Political Science and Head of the Faculty of Political Science at the University of Iceland. His main research interests include European integration and political theory, in particular issues connected to democracy, communication, civil society, and the public sphere. Recent and ongoing research includes work on disinformation and post-truth politics. Conrad is the Academic Coordinator of the EU-funded Jean Monnet Network *Post-Truth Politics, Nationalism and the (De-)Legitimation of European Integration*.

Heiti fyrirlesturs:

**Post-Truth Politics and the Populist Challenge to Media Freedom.**

### **Short description of the lecture**

The presentation will give a brief introduction to the idea of post-truth politics and its connection to populism, but the main emphasis of the talk will be on the ways in which populist actors and their followers use various means to question the legitimacy of traditional media and, in doing so, undermine media freedom as one of the hallmarks of liberal democracy. The theoretical argument will be illustrated by empirical examples taken from the period of the Covid pandemic.



# PaCE

---

**Dr. Sigurbjörg Sigurgeirsdóttir, stjórnsýslufræðingur og prófessor í opinberri stjórnsýslu við Stjórn málafræðideild Háskóla Íslands**

Rannsóknir Dr. Sigurbjargar hafa einkum beinst að opinberri stefnumótun og stjórnsýslu velferðar- og heilbrigðismála.

Heiti fyrirlesturs:

**Hvað ákvarðar traust almennings til stjórnmalamanna?**

**Stutt lýsing á innihaldi fyrirlesturs**

Efni fyrirlestrarins byggir á niðurstöðum úr könnunum sem gerðar hafa verið á trausti til Alþingismanna fjögur ár í röð og tveimur könnunum á trausti almennings til annars vegar stjórnmalamanna og hins vegar sóttvarnaryfirvalda á tímum COVID-19. Könnuð voru m.a. viðhorf svarenda til þess hvort þeir telji að persónulegt siðferði stjórnmalamanna skipti máli og hvað helst þurfi að prýða stjórnmalamann til þess að hann njóti trausts.